

Fundur í Delta deild haldinn þann 17. apríl í Edduveröld í Borgarnesi kl. 18.

Við byrjuðum í Menntaskólanum í Borgarnesi, þar tók á móti okkur Lilja S. Ólafsdóttir aðst. skólameistari. Hún sagði okkur frá starfsemi skólans og því námsframboði sem í boði er. Meðal annars þá er skólinn í samstarfi við Landúnaðarháskólann þar sem nemendur geta stundað nám í búfræði samhliða námi sínu í skólanum. Eftir kynninguna á menntarskólanum fórum við niður í Edduveröld í Englendíngavík. Byrjuðum á því að skoða gallerí Gíó sem staðsett er á efri hæð húsnæmis, þar hafa þrjár listakonur vinnustofur. Að því loknu fórum við á sýningu í Edduveröld þar sem við hlustum á hljóðsögu um Nílu heima goðáfræðinnar í neðra pakkhúsinu. Þar fengum við að líta á mjög áhugavert mýnd sem Haukur Halldórsson og Sverrir Örn Sigurjónsson hönnuðu. Sýningin er mjög lifandi og auðvelt að virða mýndir fyrir sér og rífa upp þekkingu sína á gömlu norrænu goðdæmum. Eftir yfirlit um sýninguna höldum við til fundar í sal í Edduveröld. Jónna kveikti á kertunum þrem og að því loknu höldum við súpu og brauð. Undir borðhaldi höldum við áfram með fundinn, Sjófn las upp tvær fundargerðir frá fyrsta fundi vetrarins að Hlökkum og 25 ára afmælisfundinum og Þórunn las upp fundargerð frá síðasta fundi sem haldinn var í Reykjavík.

Formaður gerði nafnakall og bar kveðjur frá konum.

Þórunn greindi frá því að hún væri búin að setja inn myndir á heimasíðuna og hvatti hún konur til að nota hana. Hún kom með þá hugmynd að setja inn uppskriftir inn á síðuna af góðum veitingum sem hafa verið framreiddar af félagskonum í gegnum tíðina, taldi hún þetta góðan vettvang til að deila þeim.

Því næst var Jónna Erna Arnardóttir með orð til umhugsunar, hún ræddi um heiðarleika og traust og fannst henni að það vænti alvöru umræðu um þessa hluti í samfélaginu. Síðan greindi Jónna frá ferð sem hún fór til Grænlands, hún dvaldi í Nuuk þar sem hún var að kynna sér starfsemi tónlistarskólans þar. Það voru margir hlutir í þeirra samfélagi sem komu henni á óvart. Til dæmis eins og það að börn fá greitt fyrir að vera í skóla og þau sögðust ekki hafa áhuga á því að búa á Grænlandi í framtíðinni. Ut frá þessari ferðasögu Jónnu spruttu upp áhugaverðar umræður um Grænland meðal félagskvænna, margar þeirra hafa komið þangað og upplifað menningu þessa lands sem er einstök.

Theodóra greindi frá væntanlegu menntaþingi í Borgarbyggð 19. apríl n.k. En hún ásamt þremur skólastjórnendum lauk námi í Sterkari stjórnsýslu frá Bifröst s.l. vor og var lokaverkefnið þeirra heimasíða um menntaþingið. Yfirskrift þingsins verður hvernig getum við unnið saman þ.e. skólarinnir í Borgarbyggð. Theodóra greindir frá dagskrá dagsins og bauð öllum að koma.

Þórunn lagði til að fresta happdrættinu þar sem vinnugurinn léti ekkert á sér kræla. Þórunn spurði félagskonur hverja hefðu hugsað sér að fara á Landssambandsþing 4-5. maí. Þær sem eru búnar að skrá sig eru Jónna Elvíks, Þórunn Reykdal og Sigrún Jóhannesdóttir. Jónna kom með hugmynd um að sýngja afmælisönginn sem Theodóra gaf okkur á landsambandsþinginu.

Fundi slitið kl. 20.50.

Sjófn Guðlaug Vilhjálmisdóttir ritaði fundargerð.